

Klárir í slaginn?

Vart er annan flokk að finna í Evrópu, sem hefur vaxið jafn hratt í vinsældum og Sjóræningja-flokkurinn. Þessa dagana getur almenningur hins vegar fylgst með því hvernig undrabarn þýskra stjórn mála er við það að falla á eigin hugsjónum í aðdraganda kosninga í tveimur sambandslöndum.

Anna Catherin Loll

Niðurstöður skoðanakannana eru ævintýrlegar. Sjóræningjaflokkurinn er samkvæmt könnunum með allt að 11% fylgi á landsvisu, sem er ekki afleitt fyrir sex ára gamlan flokk rétt fyrir kosningar í tveimur sambandslöndum. Í dag, sunnudag, er kosið til þings í Slésvík og Holtsetalandi, nýrsta sambandslandi þýskalands. Eftir viku verður gengið til kosninga í Nordrhein-Westfalen í Vestur-Þýskalandi.

Góðar líkur eru á að flokkurinn komist á þing í hvorum tveggja kosningum. Eftir velgengi í Berlín í september 2011 þar sem flokkurinn fékk 8,9% fylgi og í Saarlandi þar sem flokkurinn fékk 7,4% virðisfát geta stöðvað nýliðana í þýskum stjórnmálum. Ef þeir væru ekki alltaf að hrasa um sjálfa sig.

Með rætur í netsamfélaginu

Sjóræningjarnir stígu inn á sviðið 2006, netflokkur með 52 félagamönnum með rekja til hakkarasamfélags þýskra stórborga. Þegar Ursula von der Leyen, ráðherra fjölskyldumála, hugðist setja upp netúr gegn barnaklámi 2009 varð uppnám í samfélaginu, sem þeir koma úr. Ráðherrann var vændur um ritstöðun og fékk viðurnefnið „Zensusula“. Flokkurinn var kominn á blað og fjöldi félaga margfaldast. Í fyrra bættust við 8.000 félagar og í byrjun janúar 2012 fór félagafjöldinn yfir 20.000. Enginn annar flokkur hefur stækkað með þessum hætti.

Sjóræningjarnir vilja umbætur í pólitík. Umræðan á að vera jafn gagnsæ og á umræðutorgum netsins og þingflokkar eru ekki bundnir. Félagar kjósa beint í stöður

á flokksþingum. Hlutverk stjórna lýtur fyrst og fremst að stjórnun og að vera fulltrúar flokksfélaga.

Hriktir í eftir óskabyrjun

Þessi innspýting grasrótarlýðræðis hefur gert að verkum að margir þjóðverjar líta svo á að nú sé að nýju hægt að kjósa síð-hærða menn í stuttermabolum. En eftir óskabyrjun hriktir nú í. Hver afleikurinn rekur annan. Ástæðan er sú að þar sem skoðanafrelsi og umburðarlyndi er óheft er á öllu von, þar á meðal hægra lýðskrumi, kvenfyrirlitningu og fordómum gegn útlendingum.

Fyrir skömmu rann tilraun til að henda félagamönnum fyrir ummæli gegn gyðingum út í sandinn. Þar við bæstast niðrandi ummæli á borð við að kona ein sé „of falleg“ til að vera tekin alvarlega og að í lagi sé að vera „gagnrýnnin“ á útlendinga“.

Deilan náði hámarki fyrir skömmu þegar Martin Delius, framkvæmdastjóri þingflokks sjóræningja í Berlín, líkti örur uppgangi sjóræningja við flokk nasista, NSDAP, á sínum tíma. Bálreiðir dálkkaðof-undar kröfðust þess að Delius segði af sér. Í blogg færslu gerði hann grein fyrir því að ætlunin hefði ekki verið að líkja inntaki flokkanna saman, hugmyndafræði nasista vísaði hann á bug. Yfirlýsingin gerði ekki-ert gagn. Umræðugerið á netinu, sem samþykki á einhliða og jafnvel ruglingslegum, tillitslausum og sérandi skoðunum, refsar fulltrúum sínum miskunn-arlaust fyrir vanhugsuð ummæli. Um líðna helgi dró Delius framboð sitt til stöðu pólitískis framkvæmdastjóra flokksins til baka á flokksþingi í Neumünster.

Flokkur með meðbyr

Sjóræningjaflokkurinn í Þýskalandi var stofnaður í september 2006 í Berlín. Nú eru 28.000 félagar í flokknum. Flokkurinn komst á þing í Berlín 2011 og í Saarlandi í mars á þessu ári.

Sjóræningjarnir sækja í smíðju sænska Sjóræningjaflokksins og líta á sig sem flokk sem tekur mið af upplýsinga-samfélaginu og tengslum þess við netið. Í stefnuskrá þeirra snúast fyrstu átta atriðin af 19 um lögleiðingu afrítunar, sem ekki er í gróðaskyni, umbætur í einkaréttarmálum, verndun upplýsinga og gagnsæi ríkisvaldsins. Þá koma ákvæði um mennta-, kynja- og fjölskyldustefnu, verndun umhverfisins og aukilið frjálslyndi í eiturlyfjamálum. Ekki er að finna stefnu í efnahags- og viðskipta-

málum. Í Berlín þar sem kjörnir fulltrúar flokksins hafa látið að sér kveða undanfarna mánuði hefur áherslan verið á grunntekjur og ókeypis almennings-samgöngur fyrir alla.

Flokkurinn kys nýja stjórn á hverju ári. Hún sér um rekstur og starfar í umboði flokksfélaga, en hefur enga æðri stöðu þegar kemur að ákvörðunum.

Stefna flokksins er ákveðin með aðferð-um grasrótarlýðræðis. Frá 2009 hefur að hluta verið notaður hugbúnaður, sem nefnist „Liquid Feedback“.

Formaður flokksins er Bernd Schlömer. Hann er 41 árs skrifstofustjóri í varnarmálaráðuneytinu. Embætti í Sjóræningjaflokknum eru ólaunuð.



Félagar í þýska sjóræningjaflokknum greiða atkvæði á flokksþingi í Neumünster 29. apríl. Í flokknum er áhersla lögð á aukilið lýðræði og kemur valdið úr grasróttinni.

Sjóræningjaflokkurinn stendur frammi fyrir áskorun, sem hefur reynst bana-biti margra hugsjóna-manna: ef félagarnir eru of trúir sjálfum sér gætu þeir gert flokkinn „ókjós-anlegan“. Ef þeir eru ekki nógu trúir sjálfum sér gæti það sama gerst.

Þar reyndi Sjóræningjaflokkurinn að skýra stöðu sína gagnvart hægra lýðskrumi. „Helförin er óumdeildur hluti sögu okkar. Að afneita eða gera lítið úr henni undir skikkju skoðanafrelsis brýtur gegn grunntöðum flokksins.“ sagði í ályktun frá forustu flokksins. Hún var samþykkt nánast einróma.

Sérstaðan aðráttararf og dragbitur

Sjóræningjarnir verða án vafa að draga slík mörk í umræðunni. Sumar skoðanir ógna skoðanafrelsi annarra, mismuna eða af-neita mikilvægum staðreyndum. Á hinn bóginn gætu allar takmarkanir veikt sér-töðu flokksins. Sjóræningjaflokkurinn stendur frammi fyrir áskorun, sem hefur reynst banabiti margra hugsjónamanna: ef félagarnir eru of trúir sjálfum sér gætu þeir gert flokkinn „ókjós-anlegan“. Ef þeir eru ekki nógu trúir sjálfum sér gæti það sama gerst.

Sjóræningjunum er oft legið á hálsi fyrir að vera ekki nógu faglegir. Það er þó ekki

lausn á vandanum. Aukin fjölmiðlafágun og pólitísk miðlunmennska myndi gera Sjóræningjaflokkinn nákvæmlega jafn slípaðan og víðtekna andstæðinga hans.

Tromp sjóræningjanna er fólgið í órit-sköðuðu hispursleysi, sem veitir félögum flokksins kjark til að taka gagnrýna af-stöðu og spyrja spurninga um hið víð-tekna, reyndar stundum með óvenju ángengum tóni, en oft þannig að það er samfélaginu til bóta. Hvassar umræður tilheyra þessu ferli, en þær eru ekki þægi-legar og oft alls ekki þannig að meirihlut-inn fái við unað.

Það mun koma í ljós hvort kjósendur hafa þolinmæði gagnvart hinni endalauzu sjálfsléit eða hvort þeir glata þolinmæð-inni – eða sem verra væri traustinu – gagnvart nýliðunum.

Sjóræningjaflokkurinn í Svíþjóð er slá-andi dæmi um brotlendingu eftir upphaf, sem gaf góð fyrirheit. Flokkurinn náði tveimur þingsætum á Evrópuþinginu í kosningunum 2009, en féll í kosning-unum heima fyrir árið eftir niður í 0,65% fylgi og glataði nánast öllu pólitísku vægi.

Spurningin er hvort hinir þýsku sjóræningjar geti styrkt sig í sessi án þess að glata sérstöðu sinni í augum kjósenda. Hingað til hafa þeir í það minnsta verið búðir fyrir þýsk stjórnmal. Þjóðverjar vilja greinilega hafa meira að segja í stjórnmálum. Hinir hefðbundnu flokkar höfðu með stöðnuðum innviðum sínum og valdamiklum yfirstjórnunum gert þær vonir að óshyggju. Sjóræningjarnir hafa gefið þeim vonum nýtt líf.

Höfundur er sjálfstætt starfandi blaðamaður og starfar tímabundið á Morgunblaðinu.



Torge Schmidt, frambjóðandi Sjóræningjaflokksins í Slésvík og Holtsetalandi, kemur siglandi á kosningafund í Kiel.

Reuters



Reuters

Talsmaður grasrótarlýðræðis

Christopher Lauer er fæddur 1984 og er einn af 15 þingmönnum Sjóræningjaflokksins á þinginu í Berlínarborg. Hann er talsmaður þingflokksins í innanborgarmálum og menningarmálum. Lauer hefur verið félagi í flokknum frá 2009 og var í landstjórn hans 2010 til 2011.

Lauer er námsmaður og klæðist ávallt jakkafötum þegar hann kemur fram opinberlega. Hann er einn þekktasti sjóræninginn í Þýskalandi. Hann á stóran þátt í baráttu Berlínardeildar flokksins fyrir grasrótarlýðræði á grundvelli hugmynda, sem nefnist „Liquid Democracy“ eða fljóttandi lýðræði.

Þegar Lauer var í landsstjórn flokksins kom hann því til leidar að flokkurinn fór að nota hugbúnaðinn „LiquidFeedback“ um allt land.



Christopher Lauer er einn af forustumönnum Sjóræningjaflokksins.

„Við erum að uppfæra kerfið“

Christopher Lauer, talsmaður Sjóræningjaflokksins um borgar- og menningarmál á þinginu í Berlínarborg, um uppskriftina að árangri og möguleika flokks hans í kosningum í tveimur sambandslögum á næstu dögum.

- Hverju má Sjóræningjaflokkurinn í Þýskalandi þakka velgengni sína?

Með tilkomu netsins hafa viðmiðin í samfélaginu færst til. Fólk vill gagnsæl og vera með í ráðum. Sjóræningjaflokkurinn stendur einmitt fyrir það. Við reynum að innleiða meiri trúverðuleika í hið pólitíska frelsi. Í stuttu máli: Við erum að uppfæra kerfið.

- Hvað þýðir það í raun?

Í hefubundnu flokknum skrifar stjórnin löglin og forusta þingflokka tekur margar ákvarðanir fyrir luktum dyrum. Því er ódúrlit áfarið hjá okkur. Stjórnin tekur ekki ákvarðanir, heldur eru þær teknar á flokksþingum þar sem koslið er með upplýsingatæknibúnaðinum „LiquidFeedback“. Þetta er ferli, sem allir eiga auðvelt með að átta sig á.

- Er uppskrift ykkar að árangri meira grasrótarlýðræði?

Ég er ekki alveg sáttur við þetta orð. Við erum líka með flokksstjórn. En jú, ákvarðanir eru teknar á flokksþingum og

flokksforustan vélar ekki um þær.

- Það hljómar mjög eins og grasrótarlýðræði.

Ég viðurkenni að skipulag okkar er ekki alveg frágenglið. Við erum eins og blaklið, sem allt í einu stendur á fóttafávelli. Aðrir lögðu völinn. Þá vaknar spurningin hvort við reynum nú að verða fótballaleikmenn eða þráumst við að vera blakleikmenn, eða einfaldlega spilum fótballa en verðum blakleikmenn í hjarta okkar.

- Ert þú fylgjandi því síðastnefnda?

Já, ég held persónulega að raunsæi sé við hæfi. Við þurfum í takti við hugsjónir okkar að þróa lausnir sem eru praktískar. Þegar öllu er á botninn hvolft er markmið okkar að gefa öllum þeim, sem vilja taka þátt, kost á að hafa eins mikið að segja og hægt er.

- Það getur líka orðið að glundroða. Erú þið sem byrjendur yfirhöfuð fær um að stunda áreiðanlega pólitík?

Heyrðu mig nú, auðvitað erum við það! Þótt þessi mál séu rædd vítt og breitt í flokknum þýðir það ekki að við séum óútreiknanleg. Hingað til hafa ekki verið neinar 180° sveiflur hjá okkur. Í Berlín höfum við þegar lagt fram fjölda tillagna. Pólitík snýst ekki um geimflugataekni. Á þingnum er ákveðin dagskrárskipan. Sá

sem getur lesið þær veit hvernig hlutirnir ganga fyrir sig.

- Bera ummæli af hægri ófgakantinum og gegn konum því ekki vitni að flokkurinn sé of opin?

Við erum enn að læra. Það er ekkert leyndarmál. Vegna slíkra tilvika þurfum við örugglega að búa til ferli til umhugunar innan flokksins til að finna skýrar línur. Afstaða gegn útendingum eða konum verður ekki lóðin, afneitun helfararinnar á ekkert erindi hjá okkur. Það er ekki hægt að mæta umburðarleysi með umburðarlýndi.

- Hvað vill Sjóræningjaflokkurinn mikið frelsi á netinu?

Þetta snýst um það hvernig réttindi eiga að ná fram að ganga á netinu. Ef Sjóræningjaflokkurinn réði væri ekkert ki-no-to, ekkert ofurniðurhal. En það má heldur ekki fara af stað með sláttuvélina. Okkur hagnast ekki nethindranir og forsjárgagnasöfnun. Það má ekki setja upp innviði, sem eru ávisun á eftirlits-samfélagið.

- Hvernig metur þú möguleika Sjóræningjaflokksins í væntanlegum kosningum í Slésvík og Holtsetalandi og Nordrhein-Westfalen?

Ég er bjartsýnn um að við eigum góða

möguleika á að komast á þing í báðum tilvikum. En ég segi mannskapnum að reikna frekar með núll prósentu fylgi. Það er meiri hvatning.

- Þú heimsóttir flokksystkin þín á Íslandi. Eiga Sjóræningjarnir og Besti flokkurinn eitthvað sameiginlegt?

Algerlega. Besti flokkurinn er einnig mjög gagnrýnn á það skipulag, sem fyrir er og spyr hvaða afleiðingar það hafi fyrir fólk. Ég kunni að meta hvernig Jón Gnarr tekur á málum. Þegar á allt er litið er ýmslegt að gerast í heiminum. Á Íslandi, í Tékklandi, í Norður-Afríku með arabíska vorinu: ný kynslóð er að láta að sér kveða í stjórnmálum.

- Ekki þó alls staðar með viðvarandi árangri. Í Svíþjóð er Sjóræningjaflokkurinn nánast horfinn út úr myndinni eftir velgengni í upphafi 2009. Heldur þú að annað verði uppi á teningnum í Þýskalandi?

Þú getur ekki borið þýska Sjóræningjaflokkinn saman við flokkinn í Svíþjóð. Eina mál sænska flokksins var gagnsæi á netinu. Það er miklu meiri breidd hjá okkur í Þýskalandi. Til lengri tíma litið eigum við góða möguleika á að hasla okkur völl.

- Enginn efi?

Ég geng 5.000% út frá því að einmitt þannig muni það gerast.



Næring fyrir líkama og sál

KRÚSKA

Á Krúsku færðu:
heilsusamlegan mat,
kjúklingarétti, grænmetisrétti,
fersk salöt, heilsudrykki,
súkkulaðiköku,
gæðakaffi frá
Kaffitár og
fallega
stemningu.

Suðurlandsbraut 12 | 108 Reykjavík | S. 557-5880 | kruska@kruska.is | kruska.is
ÓPÍÐ VIRKA DAGA FRÁ 11-20 SENDUM Í FYRIRTÆKI